

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
101. fundur.

Miðvikudaginn 2. mars 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 11.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fulltrúi frá Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi mætir til fundar.
2. Skýrsla sveitarstjóra.
3. Fjárhagsáætlun 2012 til 2014, fyrri umræða.
4. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 27. janúar 2011.
 - b) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 16. febrúar 2011.
 - c) Stjórnar Húnavers, dags. 6. des. 2010
 - d) Stjórnar Húnavers, dags. 28. janúar 2011
 - e) Aðalfundar Húnavers, dags. 15. febrúar 2011.
 - f) Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 28. janúar 2011.
 - g) Stjórnar Norðurár bs, dags. 9. des. 2010.
 - h) Stjórnar Norðurár bs, dags. 30. des. 2010.
 - i) Stjórnar Norðurár bs, dags. 6. janúar 2011.
 - j) Stjórnar SSKS, dags. 15. febrúar 2011.
 - k) Stjórnar SSNV, dags. 4. febrúar 2011.
 - l) Stjórnar SSNV, dags. 8. febrúar 2011.
 - m) Stjórnar Brunavarna A-Hún, dags. 10. nóv. 2010
 - n) Stjórnar Brunavarna A-Hún, dags. 22. des. 2010.
 - o) Stjórnar Brunavarna A-Hún, dags. 25. janúar 2011.
 - p) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps dags. 28. febrúar 2011.
5. Bréf.
 - a) Frá Samb. ísl. Sveitarfél., dags. 09. 02. 2011.
 - b) Frá Bandal.ísl. skáta, dags, 11. 02. 2011.
 - c) Frá Umhverfissráðuneytinu, dags. 09. 02. 2011.
 - d) Frá Umhverfissráðuneytinu, dags. 31. 01. 2011.
 - e) Frá Samb. ísl. Sveitarfél., dags. 09. 02. 2011.
 - f) Frá UMFÍ, dags. 28. 01. 2011.
 - g) Frá UMFÍ, dags. 15. 02. 2011.
 - h) Frá Samb. ísl. Sveitarfél., dags. 14. 02. 2011.
 - i) Frá útgáfu Húnavöku, dags. 16. 02. 2011.
 - j) Frá samtökum tónlistarkennara og nemenda, dags. 11. 02. 2011.
 - k) Frá sveitarstjórn Skagastrandar, dags. 21. 02. 2011.
 - l) Frá Heimi F. Guðmundssyni, dags 17. 02. 2011.
 - m) Frá fræðslunefnd Húnavatnshrepps 22. 02. 2011.
6. Önnur mál.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.05

Samþykkt var að gera þá breytingu á dagskrá fundarins, að fundargerð byggingarnefndar Húnavatnshrepps frá 28. febrúar s.l. er tekin fyrir undir dagskrárlið 4.p)

1. Fulltrúi frá Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi mætir til fundar.
Ásbjörn Björgvinsson framkvæmdastjóri Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi mætti til fundar og kynnti starfseminna.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 101. fundur.

Fram kom m.a. að Markaðsstofan er með samstarfssamning við 20 af 22 sveitarfélögum á starfssvæðinu. Heildartekjur eru um 38 millj.kr. um helmingur af þeirri upphæð kemur frá sveitarfélögunum. Unnið er að því að auka straum ferðamanna inn á svæðið að vetri til. Ásbjörn telur mikilvægt að hvert svæði skapi sér sína ímynd. Talsverð umræða var um lítinn hlut fyrirtækja í Húnavatnshreppi og sveitarfélagsins í umfjöllun og bæklingaútgáfu Markaðsstofunnar. Fara þarf yfir og lista upp réttar upplýsingar um ferðaþjónustustaði í eigu Húnavatnshrepps. Nauðsynlegt er að koma á betri tengingu við Markaðsstofuna en verið hefur. Ásbjörn yfirgaf fundinn að lokinni góðri umræðu um málefnið.

2. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundum nefndar varðandi útboð á skólaakstri og fyrsta fundi starfshóps um samrekstur leik- og grunnskóla á Húnavöllum.

Á aðalfundi Húnavers þann 15. febrúar s.l. var m.a. rætt um uppsetningu á varmadælum í Húnaveri. Í fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps 2011 er gert ráð fyrir allt að 2,5 millj. kr. til endurnýjunar á kyndingu í Húnaveri. Sveitarstjóri hefur boðað byggingarfulltrúa, formann stjórnar Húnavers og húsvörð til fundar um málið. Einnig var rætt um nauðsyn þess að endurnýja glugga hússins og skipta þeim framkvæmdum á 5 til 6 ár. Setja þarf niður litla rotþró við þjónustuhús tjaldsvæðis í Húnaveri. Ekki er gert ráð fyrir þessum framkvæmdum í fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps 2011, en áætlunin verður endurskoðuð í apríl og þá þarf að fara yfir þessi mál.

Tveir fulltrúar úr hreppsnefnd auk sveitarstjóra sátu árlegan upplýsingafund um rekstur HSB á Blönduósi mánud. 28. febrúar s.l.

Byggðastofnun óskar eftir fundi með fulltrúum sveitarstjórnar og sveitarstjóra vegna uppfærslu á skýrslu um þau byggðarlög sem búa við viðvarandi fólksfækkun. Samþykkt að stefna að fundi fimmtudaginn 10. mars kl. 15.00

Aðalfundur Ámundakinnar ehf verður haldinn í dag kl. 16.00 að Húnabraut 13 á Blönduósi. Samþykkt var að oddviti fari með atkvæði Húnavatnshrepps á fundinum.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til gerðar kjarasamninga fyrir hönd Húnavatnshrepps við eftirtalin stéttarfélög: Félag leikskólakennara, Fél. Ísl. Hljóml.m./Félag tónl.sk.kennara, Félag grunnskólakennara, Skólastjóraráfélag Íslands og félög innan SGS.

Sveitarstjóra var falið að staðfesta umboðsveitinguna við Samb.ísl. sveitarféalga.

Landsþing Samband íslenskra sveitarfélaga verður haldið í Reykjavík föstudaginn 25. mars 2011. Meginviðfangsefni landsþingsins verður stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011 til 2014. Þóra Sverrisdóttir er fulltrúi Húnavatnshrepps á Landsþinginu, einnig er gert ráð fyrir að sveitarstjóri sitji þingið og aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga, sem haldinn verður í tengslum við landsþingið.

Með bréfi dags. 23. febrúar 2011 staðfesti Skipulagsstofnun niðurfellingu á Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016.

Niðurfellingin var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 15. febrúar 2011.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
101. fundur.

Sameiginlegur fundur bæjarstjórnar Blönduóss og hreppsnefndar Húnavatnshrepps verður haldinn fimmtud. 10. mars kl. 17.00

Opnun sundlaugar. Samþykkt var að sundlaugin á Húnavöllum verði opin á miðvikudögum fram á vor.

3. Fjárhagsáætlun 2012 til 2014, fyrri umræða.

Sveitarstjóri kynnti fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps fyrir árin 2012-2014. Hreppsnefnd samþykkti að vísa fjárhagsáætluninni til annarar umræðu.

4. Fundargerðir:

a) Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 27. janúar 2011.
Lögð fram til kynningar.

b) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 16. febrúar 2011.
Fundargerðin samþykkt.

c) Stjórnar Húnavers, dags. 6. desember 2010.
Lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar Húnavers, dags. 28. janúar 2011.
Lögð fram til kynningar.

e) Aðalfundar Húnavers, dags. 15. febrúar 2011.
Lögð fram til kynningar.

f) Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 28. janúar 2011.
Lögð fram til kynningar.

g) Stjórnar Norðurár bs, dags. 9. des. 2010.
Lögð fram til kynningar.

h) Stjórnar Norðurár bs, dags. 30. des. 2010.
Lögð fram til kynningar.

i) Stjórnar Norðurár bs, dags. 6. janúar 2011.
Lögð fram til kynningar.

j) Stjórnar SSKS, dags. 15. febrúar 2011.
Lögð fram til kynningar.

k) Stjórnar SSNV, dags. 4. febrúar 2011.
Lögð fram til kynningar.

l) Stjórnar SSNV, dags. 8. febrúar 2011.
Lögð fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 101. fundur.

m) Stjórnar Brunavarna A-Hún, dags. 10. nóv. 2010.

Lögð fram til kynningar.

n) Stjórnar Brunavarna A-Hún, dags. 22. des. 2010.

Lögð fram til kynningar.

o) Stjórnar Brunavarna A-Hún, dags. 25. janúar 2011.

Lögð fram til kynningar.

p) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 28. febrúar 2011.

Hreppsnefnd samþykkti dagskrárlið 2 og 3 í fundargerðinni.

5. Bréf.

a) Frá Samb. ísl. Sveitarfél., dags. 09. 02. 2011.

Efni: Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

Til kynningar.

b) Frá Bandal.ísl. skáta, dags. 11. 02. 2011.

Efni: Beiðni um styrk til að halda Góðverkadagana 2011.

Erindinu var hafnað.

c) Frá Umhverfissráðuneytinu, dags. 09. 02. 2011.

Efni: Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022.

Í 2. mgr. 28. gr. vegalaga nr 80/2007 segir: Ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda. Fallist sveitarfélag ekki á tillögu Vegagerðarinnar skal það rökstyðja það sérstaklega. Þó er sveitarfélagi óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillagan felur í sér. Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Óskar ráðuneytið eftir afstöðu sveitarfélagsins til þýðingar þessa ákvæðis vegalaga við gerð aðalskipulagsáætlunar Húnavatnshrepps. Óskað er eftir umsögn um afstöðu Vegagerðarinnar og tillagna Skipulagsstofnunar um staðfestingu aðalskipulags Húnavatnshrepps 2010-2022 með fyrirvara. Óskað er eftir afriti af bréfi Húnavatnshrepps til Vegagerðarinnar dags. 19. mars 2010. Óskað er eftir að afstaða sveitarfélagsins liggja fyrir eigi síðar en 23. febrúar 2011.

Þar sem sömu fyrirspurnum er beint til Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar var ákveðið að sveitarfélögin svöruðu sameiginlega erindi Umhverfissráðuneytisins og fengu frest til 4. mars

d) Frá Umhverfissráðuneytinu, dags. 31. 01. 2011.

Efni: Gildistaka mannvirkjalaga.

Ráðuneytið vekur athygli á því að ný lög, lög um mannvirki nr. 160/2010, sem fjalla um byggingar og önnur mannvirki tóku gildi um síðustu áramót.

Við gildistöku laganna tók Mannvirkjastofnun við lögbundnu hlutverki Brunamálastofnunar, sem hefur verið lögð niður. Mannvirkjastofnun tók einnig við hlutverki Skipulagsstofnunar að því er varðar byggingarmál almennt.

Eftir gildistöku laganna þarf sérstaka samþykkt sveitarfélags um störf byggingarnefndar sem staðfest skal af umhverfissráðherra, ef sú ákvörðun er tekin að byggingarnefnd skuli vera í sveitarfélaginu.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 101. fundur.

Vegna hinna nýju laga er unnið að endurskoðun byggingarreglugerðar og stefnt er að gidistöku hennar fyrir sumarlok.

Til kynningar.

e) Frá Samb. ísl. Sveitarfél., dags. 09. 02. 2011.

Efni: Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn vorið 2011.

Námskeiðið er sérstaklega sniðið fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum en er einnig áhugavert fyrir framkvæmdastjóra sveitarfélaga og fulltrúa í nefndum þeirra. Þetta er heilsdagsnámskeið sem verður haldið fram á vor í öllum landshlutum, svo framalega sem þátttaka verður nægileg.

Til kynningar.

f) Frá UMFÍ, dags. 28. 01. 2011.

Efni: Auglýst eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd Unglingalandsmóta UMFÍ 2013 og 2014.

Til kynningar

g) Frá UMFÍ, dags. 15. 02. 2011.

Efni: Auglýst eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 1. landsmóts UMFÍ 50+ sem haldið verður helgina 24.-26. júní 2011.

Til kynningar.

h) Frá Samb. ísl. Sveitarfél., dags. 14. 02. 2011.

Efni: Kynningarbréf með bæklingi um Skólavog.

Skólavogin er tilraunaverkefni sem unnið hefur verið að á vegum Samb. ísl. Sveitarfél. í samstarfi við valin sveitarfélög frá árinu 2007. Með Skólavoginni er unnt að bera saman lykiltölur um skólahald samræmt á milli skóla og/eða sveitarfélaga.

Til kynningar.

i) Frá útgáfu Húnavöku, dags. 16. 02. 2011.

Efni: Óskað eftir styrk í formi auglýsingar í Húnavöku.

Samþykkt var að styrkja útgáfuna um 20 þúsund kr.

j) Frá samtökum tónlistarkennara og nemenda, dags. 11. 02. 2011.

Efni: Ályktun mótmælafundar.

Þann 1. febrúar s.l. var að frumkvæði tónlistarnemenda haldinn mótmælafundur í Reykjavík undir yfirskriftinni "Samstaða um framhald tónlistarskólanna".

Til kynningar.

k) Frá sveitarstjórn Skagastrandar, dags. 21. 02. 2011.

Efni: Óskað er eftir því að sveitarstjórnir í Húnavatnssýslum taki höndum saman um að koma á daglegum akstri úr héraðinu í Fjölbrotarskóla Norðurlands vestra.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps telur að daglegur heimanakstur gagnist frekar nemendum úr þéttbýli en dreifbýli á svæðinu og sér því ekki hag í þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu.

l) Frá Heimi F. Guðmundssyni, dags 17. 02. 2011.

Efni: Breyting á fasteignaskrá.

Í fasteignaskrá er eigning skráð:

Finnstunga land, Húnavatnshreppur

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
101. fundur.

213-8004 Sumarhús Tungukot.

Óskað er eftir að eignin verði skráð:
Tungukot, Húnavatnshreppur
213-8004 Sumarhús.
Hreppsnefnd samþykkti erindið.

m) Frá fræðslunefnd Húnavatnshrepps, dags. 22. 02.2011.

Efni: Fræðslunefnd Húnavatnshrepps hefur kynnt sé afstöðu skólastjóra og umsjónakennara 10. bekkjar Húnavallaskóla til ávirðinga sem á þau voru borin með bréfi til fræðslunefndar dags. 14. des. s.l., frá foreldrum fjögurra stúlkna í 10. bekk. Þar sem þau hafna þessum ávirðingum algerlega mun fræðslunefnd ekki fara í frekari rannsóknarvinnu í þessu máli. Fræðslunefnd hefur falið fræðslustjóra að skoða verklagsreglur skólans við úrvinnslu slíkra mála. Hvort þær samræmist góðum starfsháttum grunnskóla og að eftir þeim hafi verið farið í þessu tilfalli.

6. Önnur mál.

Umræða án bókana.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 15.45

Þóra Sverrisdóttir

Jón Gíslason

Jakob Sigurjónsson

Gísli Hólm Geirsson

Magnús R. Sigurðsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.